

Sp. 541. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Gunnar G. Schram, Egill Jónsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Sturla Böðvarsson,
Valdimar Indriðason, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður.

G r e i n a r g e r ð .

Þjóðhagsstofnun hefur nú starfað á annan áratug og haft með höndum verkefni sem eðlilegast er að Hagstofan annist, auk þess sem stofnunin hefur annast svokallaða efnahagsráðgjöf við ríkisstjórnina sem ekki verður séð að orðið hafi til heilla. Í kerfinu eru nú margar stofnanir að bjástra við sömu eða náskyld verkefni og er sá frumskógur æði flókinn. Úr öllu þessu ofskipulagi — og þar með skipulagsleysi — þarf að greiða, einfalda athafnasemina og minnka.

Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórn mála-afskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans. Það þarf að gera eins fljótt og við verður komið eftir kosningar svo að ný ríkisstjórn geti markað stefnu í þessum efnun, en undirbúning breytinganna er rétt að hefja strax.